

Priðjudaginn 15. október 1957.

Nr. 190/1955. **Baldur Jónsson og Egill Benediktsson**

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Magnúsi Gunnarssyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Magnús Toríason
prófessor.**

Ómerking dóms og málsmeðferðar og frávisun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1955. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum dæmt að greiða in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í sáttakæru máls þessa er málavöxtum lýst þannig, að áfrýjendur skuldi stefnda peningalán, að fjárhæð kr. 25.000.00, er hann hafi veitt þeim. Við þingfestingu málsins 27. maí 1952 voru af hálfu stefnda lögð fram, auk sáttakæru og stefnu, reikningur og greinargerð, þar sem sú ein nánari skýring er gefin, að nefnt lán hafi verið veitt hinn 19. júní 1947. Í greinargerð sinni í héraði neituðu áfrýjendur því, að þeir skulduðu stefnda nokkurt fé, enda hefðu þeir aldrei fengið peningalán hjá honum. Málsaðiljum var því næst veittur sameiginlegur frestur til öflunar gagna. Á dómþingi 16. september 1952 var af hálfu stefnda lagður fram víxill, að fjárhæð kr. 25.000.00, útgefinn af áfrýjandanum Agli 19. desember 1947 og samþykktur af áfrýjandanum Baldri til greiðslu hinn 19. marz 1948. Síðar gáfu málsaðiljar og vitnið Gunnar Thorarensen skýrslur fyrir dómi, og nokkur önnur gögn komu fram.

Er málið var flutt munnlega í fyrra skiptið 12. marz 1954, virðist krafa stefnda einungis hafa verið reist á framan-greindri víxiláritun og talið, að stefndi ætti þá kröfu á hendur áfrýjendum samkvæmt ákvæðum 74. gr. víxillaga nr. 93/1933. Við hinn síðari munnlega málflutning, er fram fór 28. september 1955, virðist rökstuðningur hafa verið með sama hætti af hálfu stefndu, enda lýtur úrlausn héraðsdóms og einvörðungu að þeim atriðum. Gögn þau, er lágu fyrir héraðsdómara, voru þó ónóg til þess, að úr því yrði skorið, hvort ákvæði nefndrar greinar víxillaga eigi hér við. Þannig skorti ýtarlega vitneskju um skipti stefnda og Gunnars Thorarensens, skipti áfrýjenda og Gunnars, um stofnun h/f Laugavegsskálans og reikninga félagsins á þeim tíma, er hér skiptir máli, svo og um samband áfrýjenda við félagið.

Af framanskraðu er ljóst, að mál þetta hefur verið rekið og flutt í héraði með þeim hætti, að mjög brýtur í bága við ákvæði laga nr. 85/1936 um skýran málatilbúnað og fullnægjandi reifun máls. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og víasast málinu frá héraðsdómi.

Stefndi, Magnús Gunnarsson, greiði áfrýjendum, Baldri Jónssyni og Agli Benediktssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. október 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hefur Magnús Gunnarsson sjómaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 21. maí 1952, gegn Agli Benediktssyni forstjóra, Tjarnargötu 26, og Baldri Jónssyni framkvæmdastjóra, Víðimel 69, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum, að fjárhæð kr. 25.000.00 með 6%

ársvöxtum frá 19. júní 1947 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Málavexti kveður stefnandi þá, að á árinu 1947 hafi Gunnar Thorarensen, er hann þekkti, beðið sig að lána stefndu kr. 25.000.00, að því er honum skildist til að stofna eitthvert fyrirtæki. Kveðst hann hafa afhent Gunnari bankabók með fjárhæðinni, en ekki tekið við neinni kvittun fyrir.

Byggði stefnandi kröfu sína á því, að hann hafi aldrei fengið fjárhæð þessa endurgreidda.

Sýknukröfu sína byggðu stefndu á því, að þeir hafi aldrei fengið neina fjárhæð að láni hjá stefnanda og skuldi honum því ekki neitt.

Síðar í málinu lagði stefnandi fram framlengingarvísil, útgefinn hinn 19. desember 1947 af stefnda Agli og samþykktan af stefnda Baldri til greiðslu hinn 19. marz 1948, að fjárhæð kr. 25.000.00, og byggði hann eftir það kröfur sínar á 74. gr. vísilaga nr. 93 frá 1933.

Stefndu byggðu varnir sínar í samræmi við það, eftir að víxillinn kom fram í málinu.

Fyrir dómi kvaðst stefnandi hafa fengið framangreindan vísil hjá Gunnari Thorarensen nokkru síðar en hann afhenti honum fjárhæðina, og kvaðst hann hafa talið vísilinn sem einskonar kvittun fyrir láninu. Hann kvaðst hafa gefið upp til skatts skuld þessa, fyrsta árið teljandi Gunnar Thorarensen sem skuldara, en síðan annað árið og eftir það Laugavegsskálann h.f., og kveðst hann hafa talið rétt að breyta nafni skuldarans, eftir að Laugavegsskálinn h.f. var stofnaður.

Stefndi Baldur Jónsson hefur skýrt svo frá, að á árinu 1947 hafi hann, meðstefndi Egill og Gunnar Thorarensen hafið umræður og undirbúning að stofnun Laugavegsskálans h.f. Húsnæði til starfrækslu hans var fengið hjá Gunnari Thorarensen, og var honum (Gunnari) greidd fyrirfram húsaleiga með þremur víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 25.000.00, útgefnum af stefnda Agli, en samþykktum af sér. Kveður Baldur svo hafa verið um samið, að strax eftir formlega stofnun Laugavegsskálans h.f., skyldu víxlar þessir leystir af hólmi með víxlum, sem samþykktir yrðu af hlutafélaginu, þar sem það var hinn raunverulegi skuldari. Nokkuð dróst um stofnun hlutafélagsins, og voru víxlarnir framlengdir hinn 19. desember 1947. Kveður hann skýrt hafa verið tekið fram við Gunnar, að ef hann seldi víxlana, tæki

hann fram við væntanlega kaupendur þeirra, að skipt yrði um skuldara, þ. e. að Laugavegsskálinn h.f. kæmi í staðinn sem skuldari. Hlutfélagið var síðan stofnað hinn 14. febrúar 1948. Þá strax voru útbúnir nýir víxlar, og kveðst hann hafa farið með þá til Gunnars og krafist hann um hina víxlana í staðinn. Kveðst hann ekki hafa fengið þá, þar eð Gunnar kvaðst vera búinn að selja þá, og ekki geta fengið þá aftur, nema gegn afhendingu þessara nýju. Hafi hann látið það gott heita, enda treyst Gunnari fullkomlega. Síðar, er rætt var um hag Laugavegsskálans h.f., hafi Gunnar gefið það í skyn, að hann hefði í höndum þá þrjá víxla, er fyrst voru gefnir út, þ.e.a.s. framlengingarvíxlana. Krafðist hann þá af Gunnari, að hann skilaði víxlunum, en af því varð þó aldrei. Hafi þeir Egill síðan aldrei verið krafðir um greiðslu þessara víxla, né heldur hafi þeim borizt afsagnartilkynning. Árið 1952 hafi bú Laugavegsskálans h.f. verið tekið til skipta hjá borgarfégetanum í Reykjavík sem þrotabú og hafi Gunnar Thorarensen þá f. h. stefnanda lýst kröfu í bú félagsins með bréfi, dags. 22. marz 1952, samkvæmt einum af fyrrgreindum framlengingarvíxlum, að fjárhæð kr. 25.000.00.

Hefur stefndi Baldur staðfest skýrslu þessa fyrir dómi.

Stefndi Egill hefur og staðfest skýrslu fyrir dómi, og er framburður hans samhljóða ofanrituðum framburði stefnda Baldurs.

Vitnið Gunnar Thorarensen hefur skýrt svo frá, að það hafi fengið þrjá víxla hjá stefndu, hvern að fjárhæð kr. 25.000.00, útgefna af stefnda Agli og samþykktu af stefnda Baldri, sem fyrirframgreiðslu fyrir húsnæði, er vitnið lét þeim í té til væntanlegs fyrirtækis, er síðar varð Laugavegsskálinn h.f. Kvaðst vitnið ekki muna til þess, að rætt hafi verið um það, að Laugavegsskálinn h.f. samþykkti síðar víxla, er kæmu í stað hinna fyrstu. Einn þessara upphaflegu víxla hafi vitnið síðar selt stefnanda í máli þessu, og telur vitnið, að það muni hafa verið kringum 23. júní 1947, en kveðst ekki muna, hvort greiðsla hafi þá samtímis farið fram, en telur það þó líklegt. Sá víxill hafi síðan einu sinni verið framlengdur. Vitnið kvaðst hafa tekið við einum víxli, samþykktum af Laugavegsskálanum h.f., eftir að það félag var stofnað, og hafi hann verið notaður til framlengingar einum hinna upphaflegu víxla, en sá víxill hafi verið í vörzlum Elínar nokkurrar Jakobsdóttur. Kvaðst vitnið ekki hafa tekið við öðrum víxlum en þessum eina, samþykktum af Laugavegsskálanum h.f.

Við munnlegan flutning málsins vildu stefndu styðja sýknu-

kröfu sína einnig við það, að skuldin væri fyrnd. Gegn mót-mælum stefnanda er eigi unnt að taka til greina þá ástæðu, þar eð hún hefur eigi komið fram nægilega fljótt, enda verður að telja, að stefndu hefðu getað komið henni að á fyrra stigi málsins.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, afhentu stefndu sem persónulegir skuldarar þrjá víxla, hvern að fjárhæð kr. 25.000.00. Voru víxlar þessir greiðsla fyrir húsnæði, er Gunnar Thorarensen lét í té, og honum afhentir. Kemur ekki annað fram í málinu en að Gunnari hafi verið heimil ráðstöfun víxlanna að eigin vild. Hafa stefndu því tekið á sig lögformlega skuldbindingu með áritun á víxlana og afhendingu þeirra til Gunnars. Stefndu hafa haldið því fram, að afhending víxlanna til Gunnars hafi verið bundin þeim fyrirvara, að skipt yrði á víxlunum síðar og öðrum víxlum, og yrði sá fyrirvari settur við framsal, ef Gunnar léti víxlana af hendi. Jafnvel þótt svo hafi verið um samið milli stefndu og Gunnars, varð stefnandi ekki bundinn við það, enda verður að telja, að stefnandi hafi verið grandlaus að þessu leyti, er hann fékk víxlinn, og eignaðist þar með lögformlega kröfu á hendur stefndu.

Eins og fram kemur í málinu, taldi stefnandi kröfu sína fram til skatts, fyrsta árið teljandi Gunnar Thorarensen sem skuldara, en eftir það Laugavegsskálann h.f., enda hefur hann haldið því fram, að Gunnar Thorarensen hafi tjáð sér, að fjárhæð sú, er hann lét af hendi, væri til væntanlegs fyrirtækis stefndu. Enn fremur lýsti stefnandi eða Gunnar Thorarensen fyrir hans hönd kröfu samkvæmt víxlinum í þrotabú Laugavegsskálans h.f. til skiptaréttar Reykjavíkur. Voru þessar aðgerðir stefnanda algerlega einhliða og að engu leyti beint að stefndu. Verður því ekki talið, að stefnandi hafi með þeim samþykkt, að Laugavegsskálinn h.f. yrði skuldari í stað stefndu, né heldur að stefndu hafi mátt telja sig leysta undan skuldbindingum sínum samkvæmt víxlinum.

Eins og upplýst er í málinu, verður að telja, að stefndu myndu vinna fjárhæðina úr hendi stefnanda, ef fjárheimtan félli niður. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina og dæma stefndu in solidum til greiðslu stefnufjárhæðarinnar, kr. 25.000.00, með 6% ársvöxtum, er reiknast skulu frá birtingardegi sáttakæru, þar sem þá fyrst hefst stefnandi handa um að fá kröfu sína innheimta, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregið nokkuð fram yfir venju vegna anna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Baldur Jónsson og Egill Benediktsson, greiði, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, stefnanda, Magnúsi Gunnarssyni, kr. 25.000.00 með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1952 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. október 1957.

Nr. 114/1957. Sameinaðir verktakar

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Inga Sigurjóni Guðmundssyni

og gagnsök (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Magnús Torfason prófessor.

Skaðabótamál. Líkamsmeiðsl af slysi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1957. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara lækkunar á fjárhæðum þeim, sem dæmdar voru í héraði og svo málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 6. ágúst þ. á. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 671.880.52 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. júní 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Eftir atvikum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir mega staðfesta ákvæði hans um, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að $\frac{3}{4}$ hlutum.